



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 4. desember 2019 varðandi eftirfarandi mál.

Reitur 1.240.2, Bankareitur

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi reits 1.240.2, Bankareitur. Í breytingunni felst að minnka afmörkun gildandi deiliskipulags svo að það nái eingöngu utan um lóðina við Laugaveg nr. 120, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 27. nóvember 2019.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins bókar: Fulltrúi Miðflokksins leggur til að breytingar á deiliskipulagi svæðisins verði endurskoðaðar í víðara samhengi. Mikil óánægja er meðal íbúa borgarinnar sem og rekstraraðila vegna fyrirhugaðra lokana Laugavegs frá Hlemm að Lækjargötu. Ekki verður við það unað, að þær raddir séu virtar að vettugi.

Hér er í raun gengið enn lengra og lokunin teygð allt að Katrínartúni.

Kominn er tími á að hætta sýndarsamráði og taka upp alvöru samráð við íbúa borgarinnar. Rétt er á þessum tímamarki að minnast fundar sem borgarstjóri bauð til í Ráðhúsi borgarinnar kvöldið fyrir sameiginlegan kosningafund allra framboða fyrir íbúa Miðborgar/Hlíða í aðdraganda síðustu kosninga.

Til fundarins var boðið: Íbúum Miðborgar/Hlíða.

Framsögumenn fundar voru aðeins tveir: Borgarstjóri og forstjóri Reita.

Borgarstjóri fór víða í máli sínu og tók meðal annars fyrir hugmyndir sínar um Hlemmreit sem nú eru hér til afgreiðslu.

Í lýsingum sínum um þann hluta götunnar sem liggur frá Hlemm upp að gömlu Mjólkursamsölu sagði borgarstjóri skælbrosandi:

„Þetta er það sem við köllum oft fyrstu brekkuna upp í Breiðholt..“

Hvaða hug borgarstjóri ber til íbúa úthverfa borgarinnar ætla ég ekki að fullyrða um. Dæmi hver fyrir sig.

Fulltrúi Pírata, fulltrúi Viðreisnar, fulltrúar Samfylkingarinnar gagnbóka:

Málið hefur verið í vinnslu í tvö ár. Við deilum ekki þeim tilfinningum að allir nágrannar svæðisins vilji hafa frekar hafa fullt af bílum í kringum Hlemm heldur en fullt af fólki.

Lýsing fyrir þetta deiliskipulag fór í opið auglýsingar og kynningarferli fyrr á árinu.

Götutalningar sýna að 70% notenda svæðisins eru gangandi og hjólandi. Það er því tímabært að gefa stærsta notendahópnum meira pláss í borginni.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 27. nóvember 2019.



Hluti úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

SKÝRINGAR

- Núverandi mörk deiliskipulags
- Ný mörk deiliskipulags

DEILISKIPULAGSBREYTING PESSI SEM FENGIÐ HEFUR MEÐFERÐ Í SAMRÆMI VIÐ ÁKVÆÐI 1. mgr. 43. gr. SKIPULAGSLAGA nr. 123/2010

VAR SAMÞYKKT Í SKIPULAGS- OG SAMGÖNGURÁÐI

PANN _____
OG Í BORGARRÁÐI
PANN _____

TILLAGAN VAR AUGLÝST
FRÁ _____


MEÐ ATHUGASEMDAFREST TIL _____

AUGLÝSING UM GILDISTÖKU BREYTINGARINNAR VAR BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA PANN _____




YRKI ARKITEKTAR
Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Sími: +354 552 8629
Kt: 580997-3109
www.yrki.is
yrki@yrki.is

Ásdís H. Ágústsdóttir ARNAR FAI
Sölveg Berg Arnar FAI



Núverandi deiliskipulag stgr. 1.240.2, bankareitur samþykkt 03.08.2006 ásamt breytingum samp. 09.07.2015.



Tillaga að breyttum deiliskipulagsmörkum 1:500 m.v. A2

Breyting á deiliskipulagi stgr. 1.240.2, bankareitur - Breytt skipulagsmörk

Í gildi er deiliskipulag sem samþykkt var 03.08.2006 með breytingu sem samþykkt var 09.07.2015.

Sú breyting sem hér er lögð fram snýr að því að minnka afmörkun gildandi deiliskipulags svo að það nái eingöngu utan um lóðina við Laugaveg nr. 120 (1.240.203).

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi nær það einnig utan um lóðina við Laugaveg nr. 124 (1.240.202) en breytingin snýr að því að færa þá lóð úr deiliskipulagi fyrir bankareit yfir í nýtt deiliskipulag fyrir Hlemmur og nágrenni sem auglýst verður samhliða þessari breytingartillögu.

Skilmálar, kvaðir og lóðarmörk fyrir lóðina við Laugaveg nr. 120 eru óbreytt.

VERKKAUPI	VERK		
Reykjavíkurborg	HLEMMUR		
DAGSETN:	MIK	TEKNIAD AF	ÚTGEFID AF
27.11.2019	1:500	GA	GA/SB
TEKNING	VERK NR.	TEKNING NR.	ÚTGÁFA
D01	V314	1 af 1	